

Jakob Karlsson kaupmaður

Afhending 2011/79

Jakob Karlsson (1885-1957) fæddist á Akureyri þann 17. ágúst 1885 og lést þann 22. júní 1957. Jakob var sonur hjónanna Karls Kristjánssonar, verslunarmanns og Guðnýjar Jóhannsdóttur. Jakob missti föður sinn á unga aldri en ólst upp hjá móður sinni á Akureyri.

Ungur fór hann að vinna við verslunarstörf hjá Magnúsi Kristjánssyni alþingismanni og ráðherra. Sýsluritari varð hann 25 ára hjá Guðlaugi Guðmundssyni bæjarfógeta og gegndi því starfi í tvö ár. Upp úr því stofnaði hann sína eigin verslun og útgerð. Hann rak bæði fiskverkun og fiskverslun á þessum árum. Hjá Eimskipafélagi Íslands vann hann frá 1928 sem afgreiðslumaður en einnig hjá ríkisskipum. Hafði hann á hendi umboð fyrir Olíuverslun Íslands á Akureyri. Um fertugt færði hann sig frá verslun og útgerð og reisti hann ár árunum 1924-1925 býli sunnan og ofan við Akureyri sem fékk heitið Lundur. Jakob stundaði búskap að Lundi næstu 30 árin og rak þar um tíma eitt stærsta kúabúið við Eyjafjörð. En ásamt því að reka búið við Lund starfaði hann við önnur störf samhliða.

Í nær 30 ár stundaði hann svo þarna búskap, er var tvímælalaust fyrirmynd að snyrtimennsku, glæsibrag og allri reisu og vakti athygli víða um land. Þó var landbúnaður Jakobi eiginlega aukastarf, því skipaafgreiðsla og umboðsverslun voru ærin störf (Ólafur Jónsson, Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands, 54 árg., 1957).

Jakob gekkst fyrir því að stofna Þúfnabanafélag Akureyrar. Félag til að efla ræktun og framþróun í landbúnaði. Hann var kosinn í stjórn Ræktunarfélags Norðurlands árið 1926 og sat í henni allt til ársins 1952. Jakob sat á Búnaðarþingi og var einn af forsvarsmönnum Búnaðarfélags Eyjafjarðar, sem var stofnað 1932. Hann sat í stjórn Búnaðarfélags Eyjafjarðar allt til ársins 1949. Hann gegndi einnig mikilvægum störfum á vegum Akureyrarbæjar. Sat í bæjarstjórn á árunum 1923-1929 og aftur á árunum 1938-1942. Var í hafnarnefnd og sáttanefnd fyrir Akureyrarbæ. Hann var í sóknarnefnd á Akureyri.

Hann var ötull stuðningsmaður menningarmála og var einn af bakhjörllum í að stofna Náttúrugripasafnið á Akureyri. Hann safnaði eggjum og fuglum og lét stoppa þá upp og gaf safninu þessa gripi er það var stofnað. Hann var einnig virkur í náttúrufríðun og fegrun

umhverfisins. Þau störf sem hann kom meðal annars að hvað þessa þætti varðar var friðun Akureyrarpolls, stofnun Andapollsins og aukinni trjágræðslu á Brekkunni á Akureyri.

Hann dáði náttúruna og fegrun hennar ásamt ræktun lands og lýðs voru hans mestu áhugamál (Ólafur Jónsson, Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands, 54 árg., 1957).

Kona Jakobs var Kristín Sigurðardóttir (1881-1957). Jakob og Kristín tóku að sér eina fósturdóttur en áttu saman fjögur börn.

Afhendingin inniheldur gjörðabækur Vinnuveitendafélags Akureyrar 1915-39 og 1939-42.

Afhendingaraðili er Kristín Jónsdóttir Akureyri. Eldri afhendingar úr fórum Jakobs nr. G-139, afhendingarnúmer 936 og 1000.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. maí 2019

Kristín M. Hreinsdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Jakob Karlsson			2011 / 79
AA-Jakob Karlsson almennt		1915 - 1941	
2011 - AA / 1	1	1915- 1939	Bók, gjörðabók Vinnuveitendafélags Akureyrar 1915-1939. 20X16,5 cm.
2011 - AA / 1	2	1939- 1941	Bók, gjörðabók Vinnuveitendafélags Akureyrar 1939-1941. 32,5X20 cm.